



Skýrsla formanns um félagsstarfið á liðnu starfsári Lögð fram á aðalfundi Félags vinnuvelaeygenda fimmtudaginn 16. mars 2023

Starfsemi stjórnar fyrir starfsárið 2022 – 2023

Stjórn Félags vinnuvelaeygenda var þannig skipuð:

- Óskar Sigvaldason, formaður
- Vilhjálmur Þór Matthíasson, varaformaður
- Gunnbjörn Jóhannsson
- Óskar Guðjónsson
- Hreinn Sigurjónsson
- Pétur Kristjánsson
- Gísli Elí Guðnason
- Ivan Hilmarsson

Skoðunarmenn reikninga voru Sveinbjörn Runólfsson og Gottskálf Jón Bjarnason.

Starfsmenn SI sem störfuðu með félaginu voru Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs, Björg Ásta Þórðardóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs í fjarveru Jóhönnu, og Bjartmar Steinn Guðjónsson, viðskiptastjóri á mannvirkjasviði.

Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega á starfsárinu og fóru fram í gegnum fjárfundarbúnað og í raunheimi að Borgartúni 35.

Samtök iðnaðarins, í umboði félagsmanna sinna og þ.a.l. félagsmanna innan FVE, hafa talað mikið fyrir aukinni fjárfestingu í innviðum, bæði viðhaldi og nýframkvæmdum þeirra. Gróflega má t.a.m. áætla að kostnaður við viðhalds- og nýframkvæmdir vegasamganga séu um 720 ma.kr., fjárfestingaþörf vegna fullra orkuskipta sé um 800 ma.kr. og íbúðauppbyggingarþörfin næstu 10 ár séu 35.000 íbúðir. Ljóst er að þarna eru miklir fjármunir sem allir varða með einum eða öðrum hætti starfsemi aðildarfyrirtækja FVE og hefur stjórn félagsins ákveðið að stofnuð skuli *Innviðanefnd FVE* til að mæta umræðunni út frá hagsmunum FVE.

Aðalfundur SI og Iðnping fór fram 9. mars sl. Stjórn Félags vinnuvelaeygenda kaus í kjöri stjórnar SI fyrir hönd sinna aðildarfyrirtækja. Yfirskrift Iðnpingsins var „Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði“ og var ætlað að varpa ljósi á mikilvægi fjölbreytts og öflugs iðnaðar sem undirstöðu góðra lífskjara sem skapa tugþúsundir starfa. Á Iðnpinginu var fjallað um stóru vaxtartækifærin á Íslandi og áskoranir sem þarf að mæta í mannauði, orkuöflun og innviðauppbyggingu. Af umræðum Iðnpingsins má ráða að töluverðar verklegar framkvæmdir séu framundan því tengdu og áskoranir einnig nokkrar sem snúa að rekstri aðildarfyrirtækja FVE.

Mannvirkjaráð Samtaka iðnaðarins

Félag vinnuvelaeygenda eiga sæti í Mannvirkjaráði SI og eru Óskar Sigvaldason og Vilhjálmur Þór Matthíasson fulltrúar félagsins. Mannvirkjaráð SI samanstendur af fulltrúum allra starfandi fagfélaga á mannvirkjasviði SI auk stjórnarmanna SI sem tengjast mannvirkja- og byggingariðnaði. Mannvirkjaráð SI kom saman 15 febrúar sl. þar sem Gylfi Gíslason var kjörinn formaður ráðsins og starfsáætlun þess vegna ársins 2022 var ákveðin. Mannvirkjaráð SI fer í endurskoðun á stefnumótun þess frá árinu 2018 28. mars nk. auk þess sem stefnt er að því að halda Mannvirkjaþing í september á þessu ári í fyrsta skiptið.

Norrænt samstarf

Til stendur að halda norrænan fund systursamtaka FVE á Íslandi árið 2023 en honum hefur hingað til verið frestað sökum COVID-19. Upphaflega stóð til að halda fundinn á síðasta ári en sökum anna þeirra sem standa að hópnum gafst ekki tími til ráðstefnunnar. Gert er ráð fyrir að fundurinn fari fram 4.-6. október nk. og er mikill áhugi á umræðum um orkuskipti, útboðsmál og kröfur opinberra verkkaupa í þeim efnum.

Viðburðir og verkefni félagsins á starfsárinu

o Nám í jarðvirkjun

Í upphafi starfsársins 2018-2019 ákvað stjórn félagsins að leggja áherslu á nýliðun í faginu. Með það fyrir augum skipaði stjórn starfshóp í október 2018 sem hafði það hlutverk að vinna að því að koma á námi í jarðvirkjun, líkt og tíðkast víðast hvar í nágrennalöndum okkar. Námið er nú komið á fullt hjá Tækniskólanum sem hefur fjárfest í þremur fullkomnum vinnuvélahermum, ökuhermi og sýndarveruleikagleraugum, allt í þeim tilgangi að veita ungum nemendum tækifæri á að venjast starfsumhverfi vinnuvéla strax frá fyrsta námsdegi.

Til að sýna nýjum nemendum stuðning í verki styrkti Félag vinnuvélaeigenda nýja nemendur til vinnufatakaupa sem samanstóð af vinnubuxum, tveimur bolum, jakka og hjálmi, allt að heildarupphæð 800.000 kr. Fóru formaður og viðskiptastjóri í heimsókn til nemenda í kjölfarið og tóku af þeim tal.



Aðkoma FVE var lykilkpáttur í því að koma náminu á koppinn og er félaginu og félagsmönnum þess mikill sómi af. Eftir stendur hins vegar að félagsmenn FVE taki starfsnemum námsins fegins hendi á komandi misserum og sýni það í verki að nám í jarðvirkjun sé gæðastimpill á ferilskrá áhugasamra sem veiti þeim aukin tækifæri til framtíðar.

o Orkuskipti stærri ökutækja og vinnuvéla

Síðustu misseri hafa orðið háværar kröfur og umræður um orkuskipti og er floti félagsmanna FVE þar hvergi undanskilinn. FVE og Mannvirki héldu sameiginlegan fund um orkuskipti stærri ökutækja og vinnuvéla þar sem farið var yfir kröfur verkkaupa um orkuskipti, framboðið sem í boði væri um þessar mundir og við hverju mætti búast á næstu árum og að lokum stöðu innviða vegna hreinorkutækja.




Á fundinum kom meðal annars fram að ekki fari saman hljóð og mynd þegar dregið sé saman í fjárfestingu í innviðum á sama tíma og verkkaupar geri ríkari kröfur til orkuskipta í tækjabúnaðar. Kom fram að litið til næstu 5 ára verði aukið framboð af stærri og millistórum ökutækjum og vinnuvélum knúið annarri orku en olíu. Núna sé hægt að fá vöru- og sendibíla og smærri vinnuvélar búin öðru en jarðefnaeldsneyti (rafmagn/vetni) en tækin séu tvö- til þrefalt dýrari en sömu tæki knúin jarðefnaeldsneyti. Einnig kom fram að verktakar hafi áhyggjur af því að verkkaupar geri óhóflegar kröfur til orkuskipta sem þeim verði ekki gefinn kostur á að mæta sökum skorts á framboði. Á sama tíma sé hið opinbera að draga saman í fjárfestingum sínum til viðhalds og nýbyggingar innviða þar sem þekkt sé að mikil uppsöfnuð þörf er á viðhaldi og nýbyggingum. Þá kom fram á fundinum að auk þess séu fjármögnunarleiðir orðnar töluvert kostnaðarsamari nú en áður og orkuskipti þar af leiðandi nánast gerð ómöguleg fyrir verktakana.

Í ljósi umræðanna sem þegar eru komnar af stað og nauðsyn uppbyggilegrar og raunsærrar umræðu á þessa vegu leggur stjórn FVE til að stofnuð verður sérstök *Orkuskiptanefnd FVE* sem muni bera ábyrgð á stefnu FVE að þessu leyti og opinberri umræðu.

○ Útboðsþing 2023

Félag vinnuvélaeigenda hefur ásamt Mannvirki – félagi verktaka og Samtökum iðnaðarins staðið fyrir árlegu útboðsþingi. Fjölmennt var á þinginu sem haldið var 24. janúar sl. og var haldið að Háteig á Grand Hótel. Á þinginu kynntu fulltrúar 9 opinberra aðila fyrirhuguð útboð á árinu sem og áætlaða fjárfestingu í verklegum framkvæmdum.

Útboð og fjárfesting
í milljörðum kr.



Fram kom á þinginu að stefnt er að því að bjóða út verkefni að heildarfjárhæð 173 milljarðar króna sem er töluverð aukning frá tölum ársins á undan og enn meira en raungerðist árið 2022. Umfangsmestu útboð þessa árs boða Landsvirkjun, Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) og Vegagerðin. Landsvirkjun fyrirhugar útboð fyrir 46 milljarða á þessu ári en á síðasta ári námu raunútboð Landsvirkjunar um 700 milljónum. FSRE stefnir nú á að bjóða út verkefni fyrir um 35 milljarða á árinu, en það er nærri tvöfalt meira en fyrirhugað var á síðasta ári þegar áætlanir gerðu ráð fyrir að verkefni fyrir um 19 milljarða yrðu boðin út. Vegagerðin áformar útboð fyrir um 35 milljarða á árinu sem er lækkun frá fyrirhuguðum útboðum á síðastliðnu ári en þá fyrirhugaði stofnunin að bjóða út verkefni fyrir um 38 milljarða 2022. Ekki nema um helmingur þeirra útboða sem fyrirhuguð voru í upphafi síðasta árs raungerðust á árinu eða sem nemur 19 milljörðum.

Hvað varðar verklegar framkvæmdir gera aðilar ráð fyrir því að fjárfesta í verklegum framkvæmdum fyrir 131 milljarð króna á þessu ári samanborett við 119 milljarða sem gert var ráð fyrir á síðasta ári en heildar raunfjárfesting ársins 2022 voru 96 milljarðar króna. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) boða umfangsmestu framkvæmdirnar á þessu ári. Áætla sveitarfélögin að fjárfesta fyrir 24,5 milljarða sem er umtalsverð aukning frá því í fyrra ef áætlanir ná fram að ganga en fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir að fjárfest yrði fyrir ríflega 14 milljarða. Vegagerðin boðar nú framkvæmdir fyrir 23 milljarða en það er í takti við áætlanir síðasta árs þegar áformað var að ráðast í framkvæmdir fyrir tæpa 26 milljarða á árinu 2022. Af fjárheimildum stofnunarinnar fyrir árið í ár eru 13,6 milljarðar til nýframkvæmda og 9,5 milljarðar til viðhaldsverkefna. NLSH fyrirhugar að bæta verulega í fjárfestingu á milli ára en boðuð fjárfesting í framkvæmdum á árinu nemur 20 milljörðum samanborett við 10,5 milljarða sem áætlað var að fjárfesta fyrir í fyrra.

Fundarstjóri var Björg Ásta Þórðardóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, en fundinn ávörpuðu Sigurður Ingi Jóhannesson, innviðaráðherra, og Árni Sigurjónsson, formaður SI, auk þess sem Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, tók saman niðurstöður þingsins við upphaf þess. Samtökin unnu greiningu út frá upplýsingagjöf þátttakanda sem nálgast má [hér](#).

○ Tólf góðar útboðsvenjur

Á Útboðsþingi ársins varð nýbreytni í lok þess þar sem Björg Ásta Þórðardóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, fór yfir skilaboð félagsmanna SI, þ. á m. félagsmanna FVE, til verkkaupa þegar kemur að góðum útboðsvenjum. Fór Björg þar t.a.m. yfir tímasetningar útboða, undirbúningstíma þeirra og bjóða þátttakendum útboða að vera viðstadda opnun þeirra. Unnt er að kynna sér tillögurnar 12 betur [hér](#).

○ Verðtryggingar verksamninga

Stjórn og félagsmenn FVE urðu þess varir að byggingarvísitalan hafi illa náð utan um verkþækkningar og efnahagsaðstæður síðasta árið og hefur stjórn tekið til skoðunar mögulegar aðrar vísitölur til verðtryggingar. Þá hefur einnig komið til skoðunar nauðsyn þess að verðtryggja styttri samninga en 12 mánaða samninga sem og að fyrstu 12 mánuðir lengri



samninga verði einnig vertryggðir en á það hefur skort undanfarið í umhverfi þar sem hrávara og annar rekstrarkostnaður hefur tekið miklum breytingum jafnvel mánaða á milli. Engin niðurstaða hefur fengist í þá skoðun ennþá en rætt hefur t.d. verið um vegavinnuvísitölu Vegagerðarinnar og aðrar sértækari vísitölur sem ná betur utan um vinnu og rekstur aðildarfyrirtækja FVE.

- [Merki félagsins og reglur um notkun](#)

Stjórn samþykkti nýjar reglur um notkun merkis Félags vinnuvélagendna sem birtar hafa verið á heimsíðu Samtaka iðnaðarins.

Umsagnir

Umsagnir voru unnar er vörðuðu beina hagsmuni greinarinnar og Félags vinnuvélagendna:

- Umsögn um drög að nýrri atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar (mars 2022)
- Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 866/2011 um öryggisstjórnun vegamannvirkja (maí 2022)
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árinu 2023-2027 (maí 2022)
- Umsögn um drög að breytingu á steypukafla byggingarreglugerðar (maí 2022)
- Umsögn um frumvarp til breytinga á skipulagslögum (uppbygging innviða) (júní 2022)
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 (júní 2022)
- Umsögn um áform um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála (ágúst 2022)
- Umsögn um áform um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða (ágúst 2022)
- Umsögn um vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030 (september 2022)
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum (október 2022)
- Umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum (uppbygging innviða) (október 2022)
- Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 (október 2022)
- Umsögn um drög að umferðaröryggisáætlun 2023-2037 (október 2022)
- Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum (EES-reglur, ökutæki o.fl.) (febrúar 2023)
- Umsögn SI um grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál (mars 2023)

Fjöldi annarra umsagna voru unnar á starfsárinu sem snerta hagsmuni greinarinnar og félagsmenn með óbeinum hætti, t.a.m. á sviði loftslagsmála.

F.h. stjórnar Félags vinnuvélagendna
Óskar Sigvaldason, formaður